

Vangaveltur um geðheilbrigðis-kerfið eru bráðnauðsynlegar

Stjórn Geðhjálpar vill lýsa ánægju sinni með og koma á framfæri kærri þakklæti til þeirra Andrésar Ragnarssonar og Wilhelms Norðfjörð fyrir ágætis grein þeirra í Mbl. 13. ágúst, um bók Ragnars Gunnarssonar og Jónasar Gústafssonar um geðheilbrigðismál, „Frigørelse – ikke helbredelse“.

Geðhjálpar, sem er félag geðsjúklinga, aðstandenda þeirra og velunnara, vill einmitt efla frekari umræður og vangaveltna um breytingar og þróun í geðheilbrigðiskerfi Íslandi, sem að okkar áliti eru bráðnauðsynlegar. Geðhjálpar er stolt af því, að mikinn hluta núverandi umræðna um þessi mál megi rekja til frumkvæðis félagsins. Fyrir þremur árum samdi Geðhjálpar til-



lögu til þingsályktunar um geðheilbrigðismál, um skipulag og úrbætur. Ráðherraskipada nefndin, sem nú er starfandi og nefnd er í grein Andrésar og Wilhelms, er beinn árangur tillögunnar.

Geðhjálpar er þrýstihópur, sem er að berjast fyrir betri geðheilbrigðisþjónustu, leggur litla áherslu á byggingu stórra stofnana, beitir sér þess í stað fyrir að framkvæmd verði fyrirbyggjandi störf, komið á fót geðhverfamiðstöðvum,

fleiri vernduðum vinnustöðum og að heimili geðsjúkra verði heimsótt oftast en verið hefur. Félagið telur það mjög jákvætt og ekki af öðru en hinu góða þegar fólk lætur heyra frá sér, á opinberum vettvangi, eitthvað um þessi mál, sem snerta okkur öll. Ég vona að þessi grein verði kveikjan að skrifum frá öðrum sérfræðingum um þörf breytinga í geðheilbrigðiskerfinu, fræðslu um sjúkdóminn og um önnur geðræn vandamál og hin ýmsu meðferðarþrógröm sem í gangi eru í dag.

Félagið Geðhjálpar vill ennfremur benda á, að fræðsluþættir þess eru í Morgunblaðinu einmitt þessa dagana.

Virðingarfyllst,
Hope Knutsson, iðjuþjálfari og formaður Geðhjálpar.